

Skýrsla vegna eftirfylgni úttektar á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Júní 2019



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health

*Skýrsla vegna eftirfylgni úttektar á
heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands*

Höfundar:

Svið eftirlits og gæða hjá Embætti landlæknis (EL)

Útgefandi: Embætti landlæknis

Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík
www.landlaeknir.is

Reykjavík 2019

© 2019 Embætti landlæknis

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án þess að geta heimildar.

Embætti landlæknis gerði í nóvember-desember 2017 hlutaúttekt á starfsemi og þjónustu heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU).

Ábendingar Embættis landlæknis að lokinni úttekt:

- Ráða bót á mönnun lækna
- Ráða bót á mönnun hjúkrunarfræðinga
- Efla geðþjónustu
- Skilgreina gæðavísa

Eftirfylgd úttektar

Vegna eftirfylgni úttektar bað Embætti landlæknis um greinargerð frá stjórnendum HSU í byrjun árs 2019 varðandi hvernig brugðist hefði verið við ábendingum embættisins. Greinargerð frá stjórnendum HSU barst embættinu þann 4. mars 2019 og eru helstu niðurstöður tíundaðar hér fyrir neðan. Í kjölfarið var ákveðið að funda með stjórnendum HSU vegna eftirfylgninnar og fór sá fundur fram 8. maí 2019.

Niðurstöður eftirfylgdar

- **Ráða bót á mönnun lækna á heilsugæslustöð Selfoss, sérstaklega með tilliti til starfsemi bráðamóttöku (BMT).**

Í hlutaúttekt Embættis landlæknis á heilsugæslustöðvum HSU kom fram að mönnun lækna var ákveðið vandamál, sérstaklega í ljósi þess hve komum á BMT á Selfossi hafði fjölgað mikið á undanförunum árum.

Í greinargerð stjórnenda HSU kemur fram að frá því að hlutaúttektin var gerð í nóvember-desember 2017 hefur læknamönnun á BMT verið aukin úr 1,5 stöðugildi yfir í 3,5 stöðugildi. Viðvera lækna á BMT á Selfossi er þannig að einn læknir er frá kl. 8-16, einn frá kl. 16-20 og einn frá kl. 8-20 virka daga. Einn til tveir læknar eru frá kl. 10-18 um helgar og einn frá kl. 18-20.

Þessi heildarviðbót frá 2017 er að hluta til mönnuð með tímavinnusamningi námslækna sem ávinna sér þá ekki vaktafri. Að auki er bætt við í dagvinnu um helgar á sumrin og þegar búist er við auknum komum, t.d. þegar margir frídagar koma í röð.

- **Ráða bót á mönnun hjúkrunarfræðinga, með sérstaka áherslu á að fjölga stöðugildum í Þorlákshöfn og einmenningsstöðvunum.**

Fram kom í hlutaúttektinni að stöðugildi hjúkrunar á heilsugæslustöðvum HSU voru almennt of fá. Embætti landlæknis gerði sérstaka athugasemd við það að einungis væri eitt stöðugildi hjúkrunarfræðings á heilsugæslunni í Þorlákshöfn, í 2000 manna samfélagi. Mönnun hjúkrunarfræðinga á einmenningsstöðvunum hefur í för með sér mikið álag sem getur komið niður á þjónustunni.

Í kjölfar úttektar Embættis landlæknis var árið 2018 aukið um 0,4 stöðugildi hjúkrunarfræðings á heilsugæslu Þorlákshafnar. Sama ár var starfsmannahald stöðvanna í Þorlákshöfn og Hveragerði sameinað. Með því næst betri nýting á starfsmönnum sem auðveldar tilfærslu starfsmanna eftir álagi. Á einmenningsstöðvunum hefur álagspunktum í hjúkrun verið mætt með tímavinnu hjúkrunarfræðings á heilsugæslunni Kirkjubæjarklaustri og reglubundnum afleysingum á heilsugæslunni Vík í Mýrdal.

Í greinargerð stjórnenda HSU kemur fram að í byrjun árs 2019 hófst formlega innleiðing á teymisvinnu hjúkrunarfræðinga og heilsugæslulækna á heilsugæslunni á Selfossi og er þar nú unnið í tveimur teymum. Um 60% tilfella eru nú afgreidd í símatíma hjúkrunarfræðinga á morgnana en hjúkrunarfræðingar taka við um 2000 símtölum á mánuði. Sjúklingur fær þá strax beint samband við hjúkrunarfræðing og leiðsögn um næstu skref eða bókun í samdægurstíma hjá lækni ef þörf krefur. Teymisvinnan hefur að sögn stjórnenda skilað betri og skilvirkari þjónustu, auknu tímaframboði lækna, aflétt álagi og gefið fleira fólki úrlausn án mikils biðtíma.

- **Efla geðþjónustu og skipuleggja markvisst sérhæfða þjónustu við þá sem glíma við geðheilsuvanda, sérstaklega fyrir fólk eldra en 18 ára.**

Sérstök áhersla hefur verið lögð á að efla aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Biðtími eftir þjónustu var óásættanlegur en hefur nú farið úr 18 mánuðum niður í 6 mánuði og er málum forgangsraðað eftir alvarleika. Aukin áhersla hefur verið á forvarnir og snemmtæka íhlutun til að varna því að mál verði eins alvarleg og raun ber vitni. Það er þó enn verk að vinna. Þverfaglegur stuðningur við verðandi foreldra hefur verið aukinn og einnig eftirfylgd eftir fæðingu. Þá er boðið upp á skimun fyrir þunglyndi eftir fæðingu og ungbarnaverndin skoðar félagslegar aðstæður og boðið er upp á frekari aðstoð ef með þarf.

Í janúar 2019 skilaði stjórn HSU til heilbrigðisráðherra áætlun um uppbyggingu þverfaglegs geðheilsuteymis á heilsugæsluviði stofnunarinnar og fylgdi metnaðarfull aðgerðaráætlun um innleiðingu geðheilsuteymis á HSU. Þar kemur meðal annars fram kostnaðaráætlun, áætlun um þverfaglega mönnun, árangursvísar og mælikvarðar fyrir geðheilsuþjónustu, samþættingu og samfellu í þjónustu, svo og mikilvægi samstarfs við utanaðkomandi samstarfsaðila. Þar koma einnig fram áherslur er varða uppbyggingu frekari stuðnings. Í kjölfarið var HSU úthlutað 58 milljónum króna til verkefnisins. Áður hafði verið framkvæmd könnun meðal 39 klínískra stjórnenda í heilsugæslu allra starfsstöðva og einnig meðal heilbrigðisstarfsmanna sem sinna geðheilbrigðisþjónustu innan HSU. Góð svörun fékkst við könnuninni varðandi þörf fyrir bættu geðheilbrigðisþjónustu á starfssvæði HSU. Að mati klínískra starfsmanna og stjórnenda í heilsugæslu HSU eru vandamál eða heilsufarsvandi af sálrænum eða geðrænum toga ein aðalástæðan fyrir komu margra einstaklinga á heilsugæslustöðvar og 33-35% þeirra sem leita beint til heilsugæslunnar glíma við fyrrnefndan vanda.

Það er mat stjórnenda HSU að stærsta viðfangsefnið í heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi, sem og víðar, sé að stórefla geðheilbrigðisþjónustu fyrir fólk eldra en 18 ára. Til þess að það sé mögulegt þarf að auka við fagmönnun stofnunarinnar, s.s. sálfræðinga, geðlækna, félagsráðgjafa, sérfræðinga í hjúkrun, iðju- og sjúkraþjálfara.

Það er því fagnaðarefni að stofnunin hafi fengið aukna fjárveitingu til að sinna þessum mikilvæga málaflokki.

- **Skilgreina gæðavísa, s.s. biðtíma eftir þjónustu, niðurstöður þjónustukannana, árangur meðferðar og hafa sýnilega starfsmönnum.**

Að sögn stjórnenda HSU er vinna hafin við að skilgreina gæðavísa. Áhersla er lögð á að skilgreina gæðavísa fyrir notendur þjónustunnar og stofnunina. Núverandi gæðavísar sem þegar er unnið með eru: biðtími eftir viðtali, þjónustukannanir, fjöldi bólusettra barna, heilsueflandi viðtöl skólabarna, skimun þunglyndis og kvíða verðandi mæðra og skráning sjúkdóms- og hjúkrunargreininga í meðferð á heilsugæslu.

Rétt er að benda á að í *Áætlun um gæðapróun* sem Embætti landlæknis setti fram og sem staðfest er af heilbrigðisráðherra eru settir fram landsgæðavísar m.a. fyrir heilsugæsluna. Niðurstöður landsgæðavísa verða birtar á vefsetri embættisins, www.landlaeknir.is og mun birting þeirra hefjast árið 2020 en innleiðingarferli stendur nú yfir.

Mat Embættis landlæknis

HSU hefur gripið til ýmissa aðgerða í kjölfar úttektarinnar í því skyni að efla gæði og öryggi þeirrar heilbrigðisþjónustu sem HSU veitir. Ljóst er að stjórnendur HSU hafa tekið tillit til ábendinga landlæknis og unnið töluverða umbótavinnu varðandi ýmsa þætti starfseminnar. Ýmislegt hefur verið fært til betri vegar, s.s. varðandi læknamönnun og hjúkrunarvakt. Þó má geta þess að upptökusvæði HSU er mjög stórt og erfitt að hafa samfellu í þjónustu nema til komi meiri mönnun og/eða meiri notkun fjarfundarbúnaðar.

Þá hefur biðtími eftir geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra styst umtalsvert og er það vel. Efla þarf þó þá þjónustu enn frekar. Ánægjulegt er að metnaðarfull aðgerðaráætlun um innleiðingu geðheilsuteymis á HSU liggur fyrir. Þá er vinna við gæðavísa í ákveðnum farvegi.

Embættið gerir því ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.